


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Síða 1 af 2		
Samþykkt: HJS	MYL603	
	Kennsluáætlun vorönn 2010	

Kennari, Guðmundur Ármann Sigurjónsson,

GÁR

Áfangalýsing:

Nemendur velja sér verkefni eftir áhugasviði hvers og eins. Þeir geta dýpkað skilning sinn á miðlum sem þeir hafa áður kynnst eða kynnt sér nýja miðla.

Nemendur vinna eigin rannsóknar og sköpunarferlisvinnu þar sem þeir leita víða gagna eftir því sem hentar hverju verki.

Skil

- Verklýsinggreinagerð í byrjun áfanga.
- Fullklárað verk í lokin.
- Samantekt, niðurstaða, þar sem fram koma hugmyndir, prufur og skissur frá undirbúningsferlinu.

Efni

- Nemendur velja þann miðil sem þeim hentar, útvega efni sjálfir en fá pappír og liti til skissuvinnu hjá skólanum.

Verkáætlun/greinargerð: Í upphafi áfanga skal nemandi vinna verkáætlun og skila til kennara. Verkáætlunin er beinagrind sem nemandi hleður utan á og getur hugmyndin breyst í vinnuferlinu. Nemendur skila skriflegri greinargerð þar sem nemandinn gerir grein fyrir því sem hann ætlar að gera. Þar sem fram koma forsendur fyrir vali á viðfangsefni, hugmynd að baki,

Dagbók/skissubók: Þýðingarmikið er að nemandi vinni skissu/hugmyndavinnu á markvissan hátt þannig að hann skrái ferlið að baki verkinu, hugsanir þælingar, mögulegar tengingar og geri á þann hátt eigið skapandi ferli sýnilegt.

Lokaverk: Endanlegt verk skal uppfylla kröfur um hugmyndaauðgi, listræna framsetningu og góðan frágang.

Samantekt: Lýsing á þróunarferli og afstaða höfundar til niðurstöðu og hver er lærdómurinn af því að hafa unnið verkið. I

Sýning: Í lok áfanga setja nemendur upp sýningu á verkum sínum og undirbúa hana í samvinnu við samnemendur sína. Sýning er áætluð 1. – 2. maí. Nemendur skipta með sér verkum við undirbúning hennar, velja sýningarstað og hanna kynningarrefni.

Námsmat: Greinargerð 25% vinnuferli/mappa 15% lokaútfærsla 40% virkni, framsetning, sýning 20%

Jafnt og þétt verða umræður um vinnuna einstaklingslega og í hóp.

Markmið

Að nemandi

- sýni að hann hafi náð að tileinka sér þá þætti sem liggja að baki sjálfstæðri skapandi vinnu.
- Sé fær um að vinna með þá miðla sem hann hefur áður kynnst eða tekist á við nýja
 - Velji sér viðfangsefni að eigin frumkvæði
 - Sýni frumkvæði og hugmyndaauðgi og sjálfstæði í vinnubrögðum

- Geri verkáætlun og sýni ögun í vinnubrögðum
- Geti kynnt verk sín og rökstutt eigið val
- Geti á upplýstan og greinargóðan hátt fjallað um verk samnemenda sinna og sín eigin í umræðum

Námsmat	Lýsing	Vægi ?
Undirbúningsvinna	Kemur fram í greinargerð og viðtölum við kennara	
Greinargerð/Verkáætlun	Skil 26.jan, hugsanleg endurskoðuð áætlun 2. febrúar	25%
Lokaverk og dagbók	Skil 21.april	40%
Umræður		10%
Ástundun		5%

Viðtal	Sýning og viðtal	20%
--------	------------------	-----

Tegund	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
Bækur	Ýmsar bækur um listamenn og liststefnur sem og margvíslegar fræðibækur sem tengjast hugmyndum hvers nemanda
Tímarit	Art in America, Sculpture og fleiri fag tímarit
Myndbönd	Myndbönd um einstaka listamenn, stefnur og söfn
Ljósrit (afhent)	Efni sem tengist hugmyndum hvers nemanda
Annað (t.d. itarefni)	Vefsíður samtímalistasafna sem og einstakra listamanna – umfjöllun úr dagblöðum


Listin er hugmynd færð í efni
Gangi ykkur vel


netföng, garmann@vma.is

Heimasíða, <http://kennarar.vma.is/garmann>

Viðtalstímar, GÁR, fimmtud., kl.13 – 13.45

Dagsetning:


Undirritun kennara

09.01.2010

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils